

**AUGLÝSING****um staðfestingu á aðalskipulagsupphætti af þéttbýlinu við Lagarfljótsbrú í Fellahreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964, hefur ráðherra þann 5. febrúar 1982 staðfest upphætti af þéttbýlinu við Lagarfljótsbrú í Fellahreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Fellahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1982.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 46.

28. janúar 1982.

**AUGLÝSING****um umferð í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu.**

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968, eru settar eftirgreindar reglur um umferð í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu:

Einstefnuakstur skal vera um Heiðargerði frá suðri til norðurs á milli Hafnargötu og Tjarnargötu.

Reglur þessar taka þegar gildi.

*Lögreglustjórnin í Gullbringusýslu, 28. janúar 1982.*

**Ingi H. Sigurðsson.**

e. u.

Nr. 47.

5. febrúar 1982.

**REGLUGERÐ****um sektargerðir lögreglustjóra.**

1. gr.

Lögreglustjórum er heimilt að afgreiða með sektargerð kærur, er þeim berast, um brot á umferðarlögum, áfengislögum, lögum um tilkynningar aðsetursskipta eða lögreglusamþykkt. Nú hefur slikt brot upptöku eignar í för með sér og má þá lögreglustjóri með sama hætti ákveða eignaupptöku.

Sektarheimild samkvæmt 1. mgr. er bundin því skilyrði að lögreglustjóri telji að sekt við brotinu eða verðmæti þess, sem gera skal upptækt, fari eigi fram úr því hámarki, sem ákveðið er í 2. mgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Nú er brot þess eðlis, að vænta má, að það geti varðað varðhaldi eða fangelsi eða ökuleyfissviptingu ásamt sekt og má þá ekki afgreiða mál með sektargerð.